



28. apríl 2021
Tilv.: : 2104183

Númer: 24/2021

Dreifibréf til útgefenda og annarra sem málið varðar

Efni: Ný heildarlög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið) vekur athygli á að lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu hafa verið samþykkt af Alþingi og munu öðlast gildi 1. maí nk. Með löggjöfinni er leidd í lög tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/109 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað með síðari breytingum (*gagnsæistilskipunin*). Áður voru ákvæði tilskipunarinnar að finna í lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

Lög nr. 20/2021 fela einnig í sér upptöku á tilskipun 2013/50/ESB sem breytir gagnsæistilskipuninni. Vegna þessara breytinga telur Fjármálaeftirlitið rétt að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum:

- Útgefandi getur samkvæmt 13. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 20/2021 verið einstaklingur eða lögaðili sem heyrir undir einkarétt eða opinberan rétt, þ.m.t ríki, og verðbréf hans eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þegar um er að ræða heimildarskírteini sem tekin eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er útgefandinn útgefandi þeirra verðbréfa sem heimildarskírteinin standa fyrir, hvort sem þau verðbréf eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða ekki. Með þeim breytingum sem gerðar voru með tilskipun 2013/50/ESB geta einstaklingar fallið undir skilgreiningu á útgefanda, sem áður var afmörkuð við lögaðila.
- Frestur útgefanda verðbréfa til að birta árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins verður lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá, sbr. 7. gr. laga nr. 20/2021. Jafnframt er útgefendum verðbréfa gert skylt að hafa ársreikninga og árshlutareikninga aðgengilega í tíu ár, í stað fimm ára áður.
- Samkvæmt verðbréfaviðskiptalögum hvíldi sú skylda á útgefendum verðbréfa að birta greinargerð frá stjórn (e. interim management statements) tvisvar á ári með skýringum á mikilvægum atburðum og viðskiptum sem átt hafa sér stað á viðkomandi tímabili ásamt almennri lýsingu á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu útgefanda. Með lögum nr. 20/2021 fellur þessi skylda brott. Það athugast hins vegar að afnám skyldu til að birta greinargerð frá stjórn hreyfir ekki við skyldu útgefenda verðbréfa til að birta árshlutaskýrslu

stjórnar (e. interim management report) skv. 87. gr. b. laga um ársreikninga, nr. 3/2006.


- Með tilkomu laga nr. 20/2021 verða frestir til að tilkynna útgefanda og Fjármálaeftirlitinu um öflun eða ráðstöfun hluta sem leiðir til flöggunarskyldu lengdir, sbr. 21. og 22. gr. laganna. Samkvæmt gildandi rétti er miðað við að tilkynnt sé eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist. Með nýjum lögum er fresturinn til að tilkynna um flöggunarskyldu lengdur þannig að slík tilkynning skuli send án tafar og eigi síðar en fjórum viðskiptadögum eftir að flöggunarskyldan stofnaðist. Þá er frestur útgefanda til að birta upplýsingar úr tilkynningu flöggunarskylds aðila lengdur í þrjá viðskiptadaga eftir að tilkynning berst útgefanda.
- Í 10. gr. laga nr. 20/2021 er gerð krafa um skil á ársreikningum í sameiginlegu rafrænu skýrslusniði (e. European single electronic format, eða ESEF). Sniðið byggist á tæknistöðlum sem ESMA hefur útbúið með framseldri reglugerð (ESB) 2019/815 sem fyrirhugað er að verði innleidd í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands. Fyrstu skil á hinu nýja rafræna skýrslusniði miðast við ársreikning fyrir reikningsárið 2021.
- Í 14. gr. laga nr. 20/2021 er fjallað um flöggunarskyldu tengda fjármálagerningum. Ákvæðið er töluvert ítarlegra en fyrra ákvæði sem finna mátti í 80. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Í ákvæðinu er nú m.a. að finna reiknireglu um hvernig reikna skal út atkvæðisrétt tengdan fjármálagerningum.

Að lokum telur Fjármálaeftirlitið ástæðu til að benda á breytingar sem gerðar voru á 91. gr. verðbréfavíðskiptalaga nr. 108/2007 með lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Með breytingunni var felld úr gildi undanþága frá 78. og 79. gr. verðbréfavíðskiptalaga sem náði til móðurfélaga rekstrarfélags fjárfestingasjóða, en undanþáguna er í dag að finna í 27. gr. laga nr. 20/2021 og nær hún einvörðungu til móðurfélaga rekstrarfélaga verðbréfasjóða í samræmi við ákvæði gagnsæistilskipunarinnar.


Útgefendur og aðrir sem málið varðar eru hvattir til að kynna sér hina nýju löggjöf vel og bent á að hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið sedlabanki@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit



Páll Friðriksson
Framkvæmdastjóri
Markaðir og viðskiptahættir



Finnur Loftsson
Lögfræðingur
Markaðir og viðskiptahættir